

**Sp.**

**928. Nefndarálit**

[189. mál]

um till. til þál. um friðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

Frá meiri hl. atvinnumálanefndar.

Nefndin hefur fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum um tillöguna: Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, Framkvæmdastofnun ríkisins, varnarmáladeild utanríkismálaráðuneytisins, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Iðntæknistofnun Íslands og Landssambandi iðnaðarmanna.

Í umsögn Landssambands iðnaðarmanna kom fram m. a. að hugsanlega gætu aðrir staðir verið jafnhagstæðir fyrir slíka starfsemi og Keflavíkurflugvöllur, t. d. þar sem stóriðjuver hafa verið byggð ásamt miklum hafnarmannvirkjum, eins og við Grundartanga og Straumsvík. Þá kom fram í umsögninni að nauðsynlegt væri að fullt samráð væri haft við samtök iðnaðarins við gerð slíkrar athugunar.

Meiri hl. nefndarinnar hefur tekið tillit til þessara athugasemda og leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingu og er breytingartillaga flutt á sérstöku þskj.

Minni hl. mun skila sérstöku álit.

Egill Jónsson og Þórarinn Sigurjónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 1984.

Birgir Ísl. Gunnarsson,  
form., frsm.

Jóhanna Sigurðardóttir.  
Stefán Benediktsson.

Eggert Haukdal.